

EFTIRLITSSKÝRSLA

Norðurá Stekkjarvík Stekkjarvík



Dags eftirlits	5.6.2015	Fulltrúi UST	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Norðurá Stekkjarvík	Fulltrúi UST	Gottskálf Friðgeirsson
Heimili	Skagfirðingabraut 17	Tegund eftirlits	Reglubundið fyrra eftirlit
Kennitala	5602060620	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Fannar Viggósson	ÍSAT nr.	38.21
Fulltrúi fyrirtækis	Magnús B. Jónsson	Staðsetning	441620,709 580284,876

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram í eftirlitinu og engar athugasemdir voru gerðar. Unnið er eftir útbótaáætlun varðandi tvö eldri frávik

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skiladaga skv. því.

Minnt var á samráðsfund sem halda skal árlega og verður hann haldinn í tengslum við eftirlitið í haust. Rekstraraðili boðar til þess fundar.

Rekstraraðili vinnur skv. úrbótaáætlun sem samþykkt var af Umhverfisstofnun þann 10. apríl sl. Varðandi tvö eldri frávik. Mælingar á hauggasi eiga fara fram mánaðarlega og rekstraraðili skal koma upp söfnunarkerfi og safna hauggasi. Enn er nokkur tími í að urðunarhaugurinn nái fullri hæð en ekki er hægt að gera varanlegar sýnatökuholur í hauginn fyrr en því er náð. Hins vegar hafa verið boraðar 3 bráðabirgðaholur í hauginn og verða þær hækkaðar eftir því sem haugurinn hækkar. Þessar sömu holur verða síðan nýttar til söfnunar á hauggasi en áætlað er að hún hefjist árið 2017. Fyrstu mælingu úr bráðabirgðaholunum er lokið og var hún framkvæmd af EFLU verkfræðistofu þann 4. júní sl. fyrirhugað er að gera aðrar tvær mælingar á mánaðarfresti skv. úrbótaáætluninni.

Allar upplýsingar um mælingar, magn úrgangs og framkvæmdir koma fram í grænu bókhaldi.

Keyrt var um svæðið og aðstæður skoðaðar. Svæðið var snyrtilegt á að líta og ekki merki um fok eða ófullnægjandi frágang. Ekki var hægt að greina uppsöfnun í frárennislæk, hvorki ofan girðingar né neðan. Örlitla lykt mátti finna úr læknum en ekkert sem telst óeðlilegt.

Engar kvartanir vegna svæðisins hafa borist eftirlitsaðila né Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra en tvisvar hefur verið kvartað vegna lyktar og foks við rekstraraðila og hefur hann brugðist við jafn óðum eftir bestu getu.

ATHUGASEMDIR

Engar athugasemdir voru gerðar í eftirlitinu.

ANNAÐ

Rekstraraðili hefur sótt um leyfi til byggingar vélageymslu fyrir ofan urðunarsvæðið.

Þvottaplan er tengt olíuskilju en það er ekki í notkun.

1200L færanlegur olíutankur er staðsettur á urðunarsvæðinu til notkunar fyrir vinnuvélar.

Um 10-15% árleg aukning er á magni úrgangs á milli ára og árið 2014 voru rúmlega 16.000 tonn urðuð á staðnum.

Frá síðasta eftirliti hefur aðstaða verið bætt varðandi frágang á gorvatni og er það nú sett í sérstaka holu og látið sjatna þar. Með því minnkar álag á fráveitu og hreinsivirki svo það hefur betur undan og uppsöfnun og útfellingar er því ekki lengur að sjá í frárennislæk.

Reykjavík, 12.06.2015

Guðbjörg Stella Árnadóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.